



## Er tölvunotandinn veikasti hlekkurinn í öryggiskeðjunni?

Tækniþekking er mjög misjöfn og oftast en ekki takmörkuð og þar af leiðandi eru þeir sem nota tölvutækni oft veikasti hlekkurinn í öryggiskeðjunni.

Algeng leið til að brjótast inn í tölvukerfi frá Interneti felst í því að finna veikleika í hugbúnaði og kerfum til að ná völdum á tækjum/búnaði og ginna notendur til að hlaða inn tölvuóværu. Þráðlaus net eru oftast en ekki mjög óörugg og auðvelt er að brjótast inn á þau. Heiti á borð við vírus og trújuhestur eru misvísandi því í raun er þetta hugbúnaður og tölvur eru hannaðar til að keyra hugbúnað. Það dugur skammt að vera með eldvegg, vírusvörn og stýrikerfi í nýjustu útgáfu ef notandinn setur síðan sjálfur upp hugbúnað (eða vírus / njósnahugbúnað) á tölvuna.

Snjallsímum og spjaldtölvum fjölga ört og þessi tæki eru notuð í æ ríkari mæli í fyrirtækjum og stofnunum. Þessi tæki eru sjaldnast með eldvegg eða hugbúnað sem varar notanda við líkt og vírusvarnir í tölvum.

Sá sem vill vera öruggur þarf að fórna ýmsu eins og sveigjanleika og breyta sinni nálgun að því hvernig upplýsingar eru meðhöndlaðar. Til dæmis eru sum fyrirtæki með mjög stífar reglur og stýringar á því hvernig tölva sem tengist kerfi virki. Þar er búið að loka fyrir Internetið og læsa öllu nema því sem nota á tölvuna í og einskorða við tiltekinn hugbúnað. Hraðbankar eru gott dæmi um slíkan búnað. En þegar kemur að tölvunni sem við notum í að senda og taka á móti tölvupóst og vafra um á Internetinu þá gilda yfirleitt allt aðrar leikreglur. Tölvunotandinn stýttir sér iðulega leið og oft á kostnað öryggis og er oftast en ekki veikasti hlekkurinn í öryggiskeðjunni.

*Ólafur Róbert Rafnsson er ráðgjafi í tölvuöryggismálum hjá Capacent. Greinin birtist í Viðskiptablaði Morgunblaðsins í maí 2011.*